

Fundargerð

26. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2002-2004, var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, þriðjudaginn 5. ágúst 2003 og hófst kl. 20:15.

Fundinn sátu: Jónas Egilsson, formaður, Hreinn Jónasson, Þórólfur Þórlindsson, Gunnlaugur Karlsson, Sigurður P. Sigmundsson, Birgir Guðjónsson og Þórarinn Sveinsson. Auk þess sátu fundinn fulltrúar Vestlendinga í Bikarkeppni FRÍ þau Ingveldur H. Ingibergsdóttir, Sigmar Gunnarsson og Einar Þór Einarsson.

1. Bikarkeppni FRÍ

a) Erindi Vestlendinga

Formaður greindi frá bréfaskriftum sem hann hefur átt við fulltrúa Vestlendinga, en þeir hafa mótmælt ákvörðun stjórnar FRÍ frá síðasta stjórnarfundum þess efnis að lið Vesturlands skuli taka þátt í keppni 2. deildar. Fram kom að leitað hefur verið eftir viðbrögðum þátttökuliða í 1. deild við tillögu þess efnis að keppni í 1. og 2. deild verði slegið saman í eina deild. Um þá tillögu reyndist ekki vera samstaða. Ingveldur skýrði sjónarmið Vestlendinga og taldi liðið eiga rétt til þátttöku í 1. deild á grundvelli þess að hafa verið eina liðið sem skráði sig til þátttöku í 2. deild árið 2002.

Samþykkt að lið Vesturlands taki þátt í Bikarkeppni FRÍ 1. deild 2003 með þeim skilyrðum að aðildarfélög séu hin sömu og tilkynnt var um fyrir Bikarkeppni FRÍ árið 2002. Lið Eyfirðinga (UMSE/UFA) taki hins vegar þátt í keppni 2. deildar, sem fari fram samhliða keppni í 1. deild í þeim tilfellum sem keppnisgreinar eru þær sömu. Engin verðlaun verða veitt í 2. deild.

b) Erindi frá Þóreyju Eddu Elísdóttur

Formaður greindi frá því að Þórey Edda Elísdóttir hefði farið þess á leit við FRÍ að keppni í stangarstökki kvenna í Bikarkeppni FRÍ, 1. deild, verði færð af laugardegi yfir á föstudag þar sem hún hyggst taka þátt í móti á Spáni á sunnudeginum sem hún telur mikilvægt í undirbúningi sínum fyrir Heimsmeistaramótið í París. Fram kom að leitað hefur verið eftir sjónarmiðum þátttökuliða í 1. deild varðandi þessa beiðni og liggur fyrir að ÍR fellst ekki á þessa breytingu.

Eftir nokkrar umræður lá eftirfarandi niðurstaða fyrir: „Meirihluti stjórnar FRÍ telur sig ekki geta breytt niðurröðun greina á keppnisdaga.”

c) Blaðamannafundur

Samþykkt að efna til blaðamannafundar n.k. fimmtudag til að kynna Bikarkeppni FRÍ. Fulltrúum þátttökuliða verði boðið og tækifærið jafnframt notað til að opna nýja heimasíðu til styrktar Jóni Arnari Magnússyni, tugbrautarmanni.

2. Annað

Samþykkt að stefna að því að endurskoða lög og reglugerðir FRÍ um mótahald á komandi vetri.

3. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:30

Fundargerð ritaði Sigurður P. Sigmundsson